

# Hverfið mitt

Verkefni um hverfið okkar á vorönn í Ölduselsskóla

Sævar Tryggvason, Fannar Örn Torfason og Rakel Gígja Geirsdóttir

## Breiðholt

Breiðholt er hverfi í austurhluta Reykjavíkur með um 21 þús. íbúa. Nafnið er dregið af bænum Breiðholt, sem staðsettur var þar sem nú er Skógarsel. Hverfið skiptist í Efra-Breiðholt (Fell, Berg og Hólar), Neðra-Breiðholt (Bakkar og Stekkir) og Seljahverfi.

Í vestur markast hverfið af Reykjanesbraut. Í norður og austur markast hverfið af Elliðaám, syðri kvísl. Í suður markast hverfið af sveitarfélagamörkum Kópavogs.

Flestar verslanir og þjónusta eru staðsettar í Mjódd. Í Breiðholti eru 5 grunnskólar: Breiðholtsskóli, Seljaskóli, Ölduselsskóli, Fellaskóli og Hólabrekkuskóli og einn framhaldsskóli: Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Í hverfinu eru þrjár kirkjur: Breiðholtskirkja, Seljakirkja og Fella- og Hólakirkja.

Meðal annarra stofnana má nefna tvö útibú Borgarbókasafns: Gerðuberg og Seljasafn og félagsmiðstöðvarnar Miðberg og Hólmasel.

Í hverfinu eru starfrækt þrjú íþróttafélög: Íþróttafélag Reykjavíkur, Íþróttafélagið Leiknir og Sundfélagið Ægir

## Saga Breiðholts


Þar sem Breiðholt stendur núna stóð bærinn Breiðholt. Þegar Guðni Símonarson, sem hafði búið um langt skeið í Breiðholti, brá búi árið 1922 komu leigumál jarðarinnar nokkrum sinnum til umræðu á bæjarstjórnarfundum - því jörðin var eign bæjarins. Það var síðan ákveðið sama ár að Sveinn Hjartarson bakari fengi jörðina til umráða til þriggja ára *gegn 1180 króna eftirgjaldi á ári*, eins og stendur í Morgunblaðinu sama ár.

Breiðholt var einnig um tíma helsta berjaland Reykjavíkurbúa. Þar var einnig seld hagaganga. Í auglýsingu í Morgunblaðinu árið 1928, segir: *Hagaganga fyrir kýr í Breiðholtslandi á að kosta 200 krónur fyrir sumartímann.*

## Gamla breiðholtið

Seljahvervið hefur yfir sér heillegt og gróið yfirbragð. Samt er hverfið nýlegt, en það hefur byggst upp á síðustu áratugum og er nú að kalla fullbyggt. Ekki er ýkja langt síðan, að þetta svæði tók að breytast úr sveit í borg. Gamli Breiðholtsbærinn stóð á svipuðum slóðum og gróðrarstöðin Alaska síðar og bæjarhúsin voru ekki rifin fyrr en um 1940

### Kort



### Fyrirtæki

Dæmi um verslanir í Breiðholti eru Krónan, Þín verslun, Mjóddin og Sambíó.

## **Uppáhalds staðir höfunda í Breiðholti.**

Sævar finnst best að vera hjá Sambíói.

Fannar finnst best að vera hjá hjúkku í Ölduselsskóla.

Rakel finnst best að vera heima hjá sér.